

nýju eigendum ekki stefnt til þess að þola lögveð í bátnum. Kröfu stefnanda um lögveðrétt í bátnum verður því vísað frá réttinum.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu um lögveðrétt í m.b. Blátindi er vísað frá réttinum.

Stefndu, Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson, greiði in solidum stefnanda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, kr. 15.546.65 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. marz 1961 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 58/1961. **Bæjarstjórnin í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**

(Árni Gunnlaugsson hdl.)

gegn

Lýsi & Mjöl h/f

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um gildi samþykktar, er gerð var á hluthafafundi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefjast þeir þess, að ógild verði dæmd samþykkt hluthafafundar hins stefnda félags frá 6. nóvember 1957 þess efnis, að áfram skuli haldið sölu hlutabréfa í félaginu upp í kr. 1.500.000.00. Svo krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í Hæstarétti hafa áfrýjendur fært fram þær málsástæður fyrir ógildingarkröfu sinni, sem hér verða raktar og metnar.

Þeir telja í fyrsta lagi, að óheimilt hafi verið að taka ákvörðun um hlutafjárukningu á hluthafafundi hins stefnda félags 6. nóvember 1957, þar sem málefnis þessa hafi ekki verið getið sérstaklega í fundarboði. Skirskota þeir um þetta bæði til 3. málsg. 30. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921, þar sem tekið er fram, að dagskrá skuli jafnan greina í fundarboði, og til 13. gr. samþykktá félagsins, en þar segir í 2. málslíð: „Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboðinu.“

Í kvaðningu til greinds hluthafafundar, dags. 30. október 1957, er svo að orði kveðið: „Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 25. þ. m., telur félagsstjórnin rétt að boða til almenns hluthafafundar, þar sem rædd verði þau viðhorf, sem skapast hafa við dóminn, og hvernig eigi að leysa fjárþörf félagsins í því sambandi“. Með hinum tilvitnaða hæstaréttardómi hafði verið felld úr gildi tiltekin ákvörðun félagsstjórnar um sölu nýrra hlutabréfa. Þar sem hluthöfum mun almennt hafa verið það mál kunnugt, máttu þeir gera ráð fyrir, eins og fundarboði var háttað, að hlutafjárukning mundi m. a. koma til umræðu á fundinum. Fundinn sóttu aðiljar með atkvæðisrétti fyrir næstum allt atkvæðamagn félagsins. Þegar þessi atriði eru virt, þykir greind málsástæða ekki eiga að valda ógildi samþykktarinnar.

Í öðru lagi halda áfrýjendur því fram, að með aðalfundarsamþykkt hinn 5. júní 1952 hafi hið stefnda félag tekið þá ákvörðun, að ekki skyldi notuð framar en þá var orðið sú heimild til hlutafjárukningar í 4. gr. félagsamþykktanna, sem samþykkt hafði verið á aðalfundi 25. janúar 1948.

Hinn 5. júní 1952 höfðu nokkrir aðiljar, sem áskrifendur voru að hlutum í félaginu, ekki enn leyst þá til sín með fullri greiðslu. Var þá á aðalfundi í félaginu gerð svofelld samþykkt: „Framhaldsaðalfundur í Lýsi & Mjöl h/f, hald-

inn 5. júní 1952, samþykkir að veita þeim hluthöfum, sem ekki hafa enn greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, frest til þess að ljúka greiðslu þeirra til 31. des. 1952. Það, sem þá verður ógreitt af hlutafjárloforðum, verði fellt niður og hlutaféð fært niður um þá upphæð“. Samþykkt þessi varðar aðeins þá aðilja, sem þegar höfðu skráð sig fyrir hlutum, en haggar ekki rétti hluthafafundar til að auka hlutaféð samkvæmt 4. gr. félagssamþykktanna með nýju útbóði og áskriftum. Getur greind ákvörðun frá 1952 því ekki staðið í vegi samþykkt félagsins frá 6. nóvember 1957.

Þá hafa áfrýjendur talið hér fyrir dómi eins og í héraði, að samþykktin frá 25. janúar 1948 um aukningu hlutafjár hafi hinn 6. nóvember 1957 verið fallin úr gildi fyrir aldurs sakir og vegna breyttra aðstæðna. Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms um þessa málsástæðu, verður ekki á hana fallið.

Áfrýjendur hafa enn fremur skírskotað til laga nr. 59/1957. Kveða þeir, að tillagan um aukningu hlutafjár hefði verið felld á fundinum, ef ekki hefði verið beitt um atkvæði þeirra takmörkun á atkvæðisrétti samkvæmt 2. málslíð 2. málsg. 31. gr. laga nr. 77/1921. Á hluthafafundinum gerðu áfrýjendur ekki kröfu til, að um atkvæðisrétt þeirra skyldi fara með öðrum hætti en annarra hluthafa samkvæmt 17. gr. félagssamþykktanna, og ekki andmæltu þeir þá af þessum sökum þeirri niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, sem lýst var á fundinum. Er þessi véfenging á atkvæðagreiðslunni því of seint fram komin, og verður henni þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt, án þess að afstaða sé tekin til gildis laga nr. 59/1957 eða skýringar á þeim að öðru leyti.

Loks hafa áfrýjendur borið það fram, að hlutafjáraukning hafi verið óþörf árið 1957, eins og fjárhag og ástæðum hins stefnda félags var þá háttað. Hafi þeir, sem fóru með meiri hluta atkvæða á fundinum 6. nóvember 1957, gert samþykktina í því skyni að beita minni hlutann ofriki, en ekki með hag félagsins fyrir augum. Ekki verður séð, að

með samþykktinni sé hluthöfum mismunað um félagsréttindi, og eru engin haldbær rök komin fram fyrir þessari málsástæðu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Lýsi & Mjöl h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 23. ágúst 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní síðastl., hefur bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 5. febrúar 1958, gegn Lýsi & Mjöl h.f. hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. nóvember 1957 var haldinn hluthafafundur í Lýsi og Mjöl h.f., og hafði verið boðað til fundarins með svohljóðandi fundarboði:

„Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn 25. f. m., telur félagsstjórnin rétt að boða til almenns hluthafafundar, þar sem rædd verði þau viðfangsefni, sem skapast hafa við dóminn og hvernig eigi að leysa fjárþörf félagsins í því sambandi.“

Á fundi þessum bar formaður stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. fram svolátandi tillögu:

„Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp föstudaginn 25. október 1957, var talið ógilt loforð, sem félagið hafði gefið Jóni Gíslasyni um sölu á hlutafé í félaginu, að upphæð kr. 267.000.00. Sama mun að sjálfsögðu gilda um hlutafjárloforð félagsins, sem eins stóð á um, að upphæð kr. 100.000.00.

Eins og félagsmönnum er kunnugt, voru nefndar fjárhæðir greiddar félaginu, og gerði það á sínum tíma félaginu mögulegt

að koma upp soðkjarnaverksmiðju, en afkoma þess undanfarin ár hefur að verulegu leyti byggzt á starfrækslu hennar.

Samkvæmt ofangreindum dómi ber félaginu skylda til að endurgreiða fjárhæðir þessar ásamt vöxtum og kostnaði, en hins vegar er svo ástatt fjárhag félagsins, að greiðslur þessar verða ekki inntar af hendi án sérstakra ráðstafana.

Almennur hluthafafundur lítur því svo á, að sjálfsagt sé að reyna til þrautar að leita fyrir sér um aukin hlutafjárframlög fremur en að leita eftir lánsfé eða selja af eignum félagsins, hvorttveggja mundi óhjákvæmilega leiða til truflunar í rekstri þess.

Með skírskotun til framanritaðs felur fundurinn stjórn félagsins að nota nú þegar heimild 4. gr. félagslaganna og halda áfram sölu hlutabréfa upp í leyfilegt hámark, eða 1.500 þúsund, enda verði nú öllum hluthöfum formlega tilkynnt um sölu hlutabréfanna og gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns.“

Eftir að framangreind tillaga formanns stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. hafði komið fram, tók stefnandi til máls og ræddi nokkuð málaferli þau, sem lokið hafði með dómi Hæstaréttar, þeim sem vikið er að í tillögu formannsins. Taldi hann heimild þá, sem stjórn félagsins notaði til hlutabréfasölu á árinu 1952, ekki vera lengur fyrir hendi. Flutti hann að lokum eftirfarandi frávísunartillögu:

„Ég tel, að til sölu nýrra hluta í Lýsi og Mjöl h. f. nú þurfi að koma til breyting á samþykktum félagsins samkvæmt 26. gr. félagslaganna, þar sem 4. gr. félagslaganna gildir ekki lengur sem heimild til hlutafjárauðningar. Rökstyð ég þá skoðun með skírskotun til almennra grundvallarreglna félagsréttar og vísa jafnframt í forsendur undirréttardóms og hæstaréttardóms í ný-afstöðnu máli um hlutafé félagsins í því sambandi. Til þessa fundar hefur ekki verið boðað á þann hátt, að hægt sé að taka lagabreytingar á dagskrá samkvæmt 26. gr. félagslaganna, og krefst ég þess og geri það að tillögu minni, að tillögu Guðmundar Guðmundssonar (tillögu formanns) verði vísað frá.“

Allmiklar umræður urðu um tillögur þessar. Var frávísunartillaga stefnanda borin fyrr upp og felld með 757 atkvæðum gegn 643, en auðir seðlar voru 5.

Áður en atkvæðagreiðsla hófst um tillögu formanns, óskaði hann bókað sérstaklega, að tillaga sín skoðaðist einnig sem sjálfstæð heimild til að auka hlutafé félagsins innan ramma félagslaganna. Þessu næst óskaði stefnandi bókað: „Með tilvísun til 26. gr. félags-

laga þá mótmæli ég því, að tillaga formanns geti verið sjálfstæð heimild til hlutafjáráukningar um kr. 367.000.00 og fengið afgreiðslu á þessum fundi.“

Síðan var gengið til atkvæða um framangreinda tillögu formannsins og hún samþykkt með 757 atkvæðum gegn 632, en auðir seðlar voru 16.

Að atkvæðagreiðslu lokinni óskaði stefnandi þetta bókað:

„Þar sem fundarstjóri lítur svo á, að hér hafi verið samþykkt sjálfstæð heimild til hlutafjáráukningar, þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða til samþykktar á hlutafjáráukningu. Tillaga Guðmundar Guðmundssonar er því felld, jafnvel þótt fundarboðun hefði verið lögleg sem lögmætur hluthafafundur til að fjalla um lagabreytingu.“

Ög enn óskaði stefnandi eftirfarandi bókað:

„Áskil Hafnarfjarðarbæ allan rétt til að leita réttar síns sem hluthafa út af þeirri samþykkt, sem hér hefur verið gerð. Þrátt fyrir þær tillögur, sem ég hef hér fram borið, áskil ég Hafnarfjarðarbæ eftir atvikum fullan rétt til að taka þátt í þeirri hlutafjáráukningu, sem framkvæmdastjóri telur, að hafi verið ákveðin, enda yrði það gert með fyrirvara af hans hálfu, og í því felst alls engin viðurkenning á þeim lögleysum, sem ég tel, að meiri hluti fundarins hafi framið með greindum samþykktum.“

Í málinu hefur stefnandi f. h. umbjóðanda síns gert eftirgreindar dómkröfur á hendur stefnda Lýsi og Mjöl h.f.:

1. Að samþykkt hluthafafundar í Lýsi og Mjöl h. f. frá 6. nóvember 1957 þess efnis, að halda áfram sölu hlutabréfa í félaginu upp í kr. 1.500.000.00, verði dæmd ógild.
2. Að stefndi Lýsi og Mjöl h.f. verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans f. h. umbjóðenda sinna eftir mati dómsins.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að heimildin í 4. gr. laga félagsins til að hækka hlutafé í félaginu upp í kr. 1.500.000.00 sé fallin niður. Heimild þessi til hækkunar hlutafjár félagsins í nefnda fjárhæð hafi verið samþykkt á aðalfundi í félaginu hinn 25. janúar 1948 og því verið nálega 10 ára gömul, þegar félagsfundurinn hinn 6. nóvember 1957 var haldinn. Á þeim næstum 10 árum, sem liðið hafi, frá því að samþykktin var gerð, hafi efnahagur félagsins og aðstaða ger-

breytt. Gildandi lög um hlutafélög á Íslandi séu frá árinu 1921 og því orðin úrelt og ófullkomin. Í þeim sé ekki að finna neitt ákvæði um það, hve gömul samþykkt um aukningu hlutafjár megi verða, til þess að hún verði talin virk. Í lögum og rétti erlendra þjóða sé hins vegar heimild til hækkunar hlutafjár innan tiltekinna marka mjög tímabundin. Telur stefnandi, að enda þótt að ekkert ákvæði sé um þetta í íslenskum lögum, þá sé ekki þar með sagt, að þau séu ekki til í íslenskum hlutafélagarétti. Bendir stefnandi í þessu sambandi á, að í frumvarpi til nýrra hlutafélagalaga, sem samið hafi verið og lagt fyrir Alþingi á sínum tíma, hafi svofellt ákvæði verið í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins:

„Í stofnsamningi og félagasamþykktum má ákveða, að hlutafé megi hækka eða lækka innan tiltekinna marka um 2 ára skeið frá stofnfundi án breytinga á félagssamþykktum.“

Telur stefnandi, að ákvæði þetta fjalli um efni náskýlt því, sem hér sé um að ræða, og að í ákvæðinu komi fram grundvallarregla.

Í öðru lagi reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þar sem hin nálega 10 ára gamla heimild í 4. gr. félagslaganna til hlutafjáraukningar sé raunverulega fallin niður, þurfi nú til hækkunar hlutafjárins samþykki nýs hluthafafundar í félaginu og með þeim hætti, sem fyrir sé mælt í 26. gr. laga félagsins, en hún fjalli um, hvernig félagslögunum verði breytt.

Í nefndri grein segi m. a. svo:

„Lögum félagsins má breyta á félagsfundi, sem boðaður hefur verið með nægum fyrirvara, og þar sem staddir eru hluthafar, er ráð hafa yfir a.m.k. $\frac{3}{4}$ atkvæða, og sé lagabreytingin samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða a.m.k. Væntanlegrar lagabreytingar skal getið í fundarboði“

Engu þeirra skilyrða, sem sett séu í hinu tilvitnaða ákvæði, hafi verið fullnægt í sambandi við hluthafafundinn 6. nóvember 1957 og sé því samþykkt hans um hlutafjáraukningu í félaginu markleysa.

Stefndi reisir kröfur sínar um sýknu á því, að ennþá standi óhöggð í 4. gr. félagslaganna heimild til þess að auka hlutafé félagsins upp í kr. 1.500.000.00. Sé því samþykki einfalds meirihluta hluthafa á hluthafafundi nægilegt til þess að heimila aukningu hlutafjár félagsins upp í það mark.

Slíkur meirihluti hluthafa hafi samþykkt aukningu á hlutafé

í félaginu innan ramma laga þess á fundinum 6. nóvember 1957 og sé því samþykkt fundarins um hlutafjárukningu fyllilega lögmæt.

Hinn 4. desember 1945 var hlutafélagið Lýsi og Mjöl stofnað hér í bænum.

Í stofnsamningi var upphæð hlutafjár ákveðin kr. 305.000.00, en varð þó í reyndinni 306.000.00. Var í samræmi við það ákveðið í 4. gr. laga (samþykkt) félagsins, að hlutafé þess skyldi vera kr. 306.000.00.

Á aðalfundi Lýsis og Mjöls h.f. 25. janúar 1948 var samþykktur sá viðauki við 4. gr. félagslaganna, að auka mætti hlutaféð upp í allt að kr. 1.500.000.00. Samkvæmt þessari heimild var hafin hlutafjársöfnun upp í þetta tiltekna mark, og stóð hún til 31. desember 1952, en þá höfðu framkomin hlutafjárloforð náð markinu. En með hæstaréttardómi þeim, sem áður er getið um, var dæmt ógilt það loforð stjórnar Lýsis og Mjöls h.f. um sölu til nafngreinds manns á hlutafé, að nafnverði kr. 267.000.00, og af dóminum leiddi, að einnig voru talin ógild loforð stjórnarinnar um sölu á nýju hlutafé til tveggja annarra aðilja, samtals að nafnverði kr. 100.000.00. Að söfnuninni lokinni hafði óvæfengt hlutafé í félaginu þannig aðeins komið upp í kr. 1.133.000.00.

Það er óvæfengt, að breytingin á 4. gr. félagslaganna frá 25. janúar 1948, þar sem heimilað var að auka hlutafé félagsins upp í kr. 1.500.000.00, hafi verið gerð á lögmætan hátt. Það verður ekki séð, að síðan hafi á fundinum í Lýsi og Mjöl h.f. verið gerðar nokkrar breytingar á nefndri grein, enda hefur stefnandi ekki haldið því fram, og á það verður ekki fallið hjá stefnanda, að eftir óskráðum gildandi íslenskum rétti hafi heimild umræddrar lagagreinar til hlutafjárukningar upp í hið tiltekna mark greinarinnar fallið niður af sjálfsdáðum fyrir aldurs sakir og/eða breyttar aðstæður. Stendur því umrædd 4. gr. laga félagsins, eins og henni var breytt á aðalfundi í félaginu 25. janúar 1948, ennþá óhögguð.

Í 1. málsg. 30. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 segir, að hluthafafundur hafi æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá er 11. gr. laga Lýsis og Mjöls svohljóðandi: „Innan þeirra takmarka, er lög þessi setja, hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.“

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst, að hluthafafundurinn 6. nóvember 1957, sem boðað hafði verið til með fundarboði, sem gaf til kynna, að á fundinum ætti að ræða fjárbörf félagsins, hafði vald til þess að taka ákvörðun um aukningu hlutafjár í félaginu upp í það mark, sem 4. gr. félagslaganna setur. Svo sem áður segir, var á fundinum samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða tillaga þess efnis að auka hlutafé í félaginu innan marka 4. gr. Hefur því krafa stefnanda um ógildingu þessarar samþykktar fundarins ekki við rök að styðjast, og ber þá að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Ísleifi Árnasyni, fulltrúa borgardómara í Reykjavík, og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Vegna mikilla anna við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og borgardómaraembættið í Reykjavík í sambandi við þingleyfi svo og vegna fjarveru dómenda vegna sumarleyfa á mismunandi tímum hefur dómur ekki verið kveðinn upp fyrr í málinu, enda þótt dómsatkvæði hafi verið tilbúið til uppsagnar 21. f. m.

Dómsorð:

Stefndi, Lýsi og Mjöl h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarstjórans í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 140/1962. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Konráði Þorsteinssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm sem setudómari.